

Hr. Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2022

Efni: Upplýsingar um kaupendur hluta í Íslandsbanka hf.

Vísað er til bréfs ráðuneytis þíns frá 30. mars sl. þar sem óskað er eftir upplýsingum um mótaðila ríkissjóðs í viðskiptum með eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka sem áttu sér stað þann 22. mars sl. Uppgjör viðskiptanna hefur þegar farið fram.

Umbeðnar upplýsingar fylgja bréfi þessu.

Bankasýsla ríkisins vekur athygli á eftirfarandi:

Bankasýsla ríkisins hefur leitað lögfræðiráðgjafar um hvort stofnuninni sé heimilt að afhenda eða birta opinberlega upplýsingar um þátttakendur í nefndum viðskiptum. Minnisblað LOGOS lögmannsþjónustu, dags. 28. mars sl., fylgir bréfi þessu til upplýsingar. Þar kemur meðal annars fram álit þess efnis að vegna lagaákvæða um þagnarskyldu væri *óvarlegt* að nafngreina kaupendur í útboðinu án skriflegs samþykkis viðkomandi.

Bankasýsla ríkisins hefur jafnframt leitað afstöðu Íslandsbanka til málsins, en fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskipti bankans gegndu hlutverki umsjónaraðila og önnuðust um uppgjör viðskiptanna. Þar kemur meðal annars fram að vegna lagaákvæða um þagnarskyldu myndi bankinn gera *athugasemdir* við birtingu upplýsinga um kaupendur úr hópi viðskiptavina bankans nema að fengnu samþykki þeirra.

Bankasýsla ríkisins hefur ennfremur kannað hvort að opinber birting upplýsinga um kaupendur, umfram það sem leiðir beinlínis af lögum, sé í samræmi við venjur og framkvæmd á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í viðskiptum sem þessum. Er það niðurstaða könnunar stofnunarinnar að opinber birting slíkra upplýsinga sé á skjön við viðteknar venjur á alþjóðlegum mörkuðum. Eindregið er mælt gegn slíkri birtingu og látið að því liggja að frávik frá markaðsframkvæmd að þessu leyti kynni að hafa neikvæð áhrif á sölumeðferð í tengslum við eftirstæðan hlut íslenska ríkisins í Íslandsbanka.

Í ljósi alls ofangreinds telur Bankasýsla ríkisins sér ekki heimilt að birta opinberlega þær upplýsingar sem ráðuneytið hefur óskað eftir. Aftur á móti er stofnuninni, sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra, skylt að afhenda ráðuneytinu umbeðnar upplýsingar um úthlutanir til þátttakenda í útboðinu í ljósi stjórnsýslulegrar stöðu og forræðis ráðherrans á sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Virðingarfyllst,

Lárus L. Blöndal, formaður stjórnar

Margrét Kristmannsdóttir, varaformaður

Vilhjálmur Bjarnason, meðstjórnandi

Jón G. Jónsson, forstjóri

Hjálagt: Minnisblað LOGOS 28. mars 2022